

## Stjórnarfundur miðvikudaginn 2.sept kl 19:30 Margrétarhofi.

Mættir eru: Jón Þorberg, Reynir, Ágúst, Sigurður, Randi og Valdimar.

1. Fundur settur- svar frá IPZV
2. Bréf frá FEIF
3. Dómaramál
4. Valdi fer yfir tillögubreytingar á reglum í gæðingakeppni 7.4.3 og 7.6.2.1
5. Aðalfundur verður haldinn fimmtudaginn 29 október.

1. Þann 6. ágúst kom svar frá Þýska sambandinu (IPZV)

Það segist ekki geta notað lög og reglur Íslenska sambandsins út af reglum frá Evrópusambandinu sem gerir kröfur um að reglur um sóttkví og bólusetningu sé fylgt eftir á öllum mótum í Þýskalandi.

Varðandi dómaramenntun segir Þýska sambandið að menn öðlist eingöngu dómaramenntun eftir nokkur námskeið og þjálfun í nokkur ár, svo námskeiðið sem LH stendur fyrir og er að útskrifa gæðingadómara standist ekki þær kröfur sem Þýska landssambandið gerir til dómara sína. En þau eru mjög jákvæð fyrir að þeirra dómara, sem nú þegar eru orðnir dómara geti setið námskeiðið á vegum LH og þannig bætt við sig og öðlast réttindi til að dæma gæðingakeppni.

Þau nefna líka og eru spennt fyrir að leggja áherslu á samvinnu sem leiði til alþjóðlegra réttenda. Samvinna verði milli íslenskra og þýskra kennara.

2. Fyrir stuttu barst bréf frá FEIF til GDLH (Jón Þorberg) og LH (Lárus Ástmar) frá Alexöndru Montan á vegum FEIF þar sem hún er að biðja um að það verði tekið fyrir hvort það sé áhugi fyrir að Gæðingadómarafélagið gangi inn í FEIF.

Þetta var rætt og jákvæðni er fyrir að þetta verði rætt áfram. Nefnt er að það verði að passa upp á og hafa í huga að Gæðingakeppnin er gömul Íslensk hefð sem verður að standa vörð um. Stefnan er að vera í samstarfi við LH og skipuð verði nefnd sem vinnur þetta mál áfram.

Þá verður sérstaklega að hafa í huga Íslenskar sérreglur og dómaramenntun og vera búð að finna lausn á breytingum sem verða ef að GDLH verður tekið inn í FEIF.

Jón Þorberg ætlar að skrifa bréf og vera í sambandi við LH um framhald málsins.

Punktur sem koma strax eru:

Æskilegt 1 fulltrúi inn í stjórn FEIF,

5 manns í Gæðingahóp FEIF og þá skilyrði alltaf séu 3 frá Íslandi.

### 3. Dómaramál.

Á döfunni er fundur með LH, HIDI og GDLH um dómaramál og laun dómara. Hvað á að gera þegar dómsstörf fara yfir 10 tíma á dag? Hingað til hefur verið venjulegt að rukka 3500.- á tímann + að vera sanngjörn í aksturskostnaði og reyna að koma saman í bílum.

Það hefur líka verið erfitt að fá sum hestamannafélög til að vilja borga gistingu fyrir dómara sem koma lengra að.

Reynir stýngur upp á að formenn hestamannafélagana þurfi að hafa fund og taka þetta mál upp, svo það sé samstaða á milli félaga þegar kemur að dómara launum, gistingu og akstri.

Svo er nefnt að það væri ekki vitlaust að það væri til sjóður sem borgar auka ferðakostnað fyrir dómara. Það væri til grunntaxti, en ef það fer yfir hann er tekið frá í sjóð til að styrkja hestamannafélögin og þá séstaklega hugsað til minni félaga út á landi.

Sigurður nefnir spjaldanotkun í yngri flokkum. Finnst það mjög hart að veifa rauða spjaldinu ef að hesturinn hoppar út af, finnst það allt of hart með rautt spjald.

Spjaldanotkun er nú þegar í endurskoðun.

### 4. Valdimar skrifaði tillögur sem verður skilað inn til lagabreytinga.

Þegar keppt er í áhugamannaflokkum, A og B flokki, og knapi kemur fleiri en einum hesti inn í úrslit, þá gildi sömu reglur eins og í yngri flokkum, verður að velja hest.

Ekki löglegt að finna annan knapa til að sitja hestinn.

Eins verður send inn tillaga um það verði sett í reglur að viðsnúningur á beinni braut á undan skeiði sé ekki löglegt, t.d. lagt af stað og svo allt í einu snúið við og byrjað aftur. Þetta hefur nú þegar stundum verið gert, en þetta má ekki í öðrum skeiðgreinum og stendur ekki neins staðar í reglum fyrir gæðingakeppni.

Eins er Valdimar búinn að skila inn tillögu með nöfnum og útfærslum á nýjum keppnisgreinum til notkunar á innanhússmótum og þrígangsmótum. Einnig er hugsunin að því verði bætt við í Sportfeng, þetta mun einfalda allt mótahald. Þetta verður riðið eins og sérstök forkeppni, svo raðað beint í úrslit. Nöfnin eru gæðingaflokkur A-3, A-3 áhugamanna, B-3, B-3 áhugamanna, Ungmennaflokkur A-2, Ungmennaflokkur B-2, Unglingaflokkur-2 og Barnaflokkur-2.

#### 5. Annað.

Hugmynd kom upp að útbúa fyrirlestur um notkun á stangamélum. Oft er ekki fallegur svipur á hestum við stangamélanotkun vegna rangrar notkunnar á þeim. Líka er það spurning þegar notaður er krossmúll með stöngum.

Aðalfundur verður haldin 29 október.

Til kjörs eru :

Formaður Jón Þorberg : gefur kost á sér áfram

Sigurður Sigurðarson: gefur kost á sér áfram

Reynir Örn Pálmason: gefur kost á sér áfram

Báðir í varastjórn er til kjörs.

Fundi slitið kl 21:15.